

Erindisbréf Umhverfismálaráðs Bolungarvíkurkaupstaðar

1.gr.

Umhverfismálaráð, sem starfar samkvæmt V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 telst til fastanefnda Bolungarvíkurkaupstaðar. Umhverfismálaráð fer með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. 11. kafla skipulagslaga nr. 123/2010, verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. einnig reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973, með síðari breytingum, lög um landgræðslu nr. 17/1965, lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 m.s.b. og umferðarlög nr. 50/1987. Ráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum mannvirkjalaga, laga um fasteignamat, brunavarnir, mengunarvarnir, heilbrigðisvernd og hollustuhætti. Umhverfismálaráð skal starfa í samræmi við þau lög sem um það gilda, samþykktir Bolungarvíkurkaupstaðar og erindisbréf þetta.

2.gr.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annara laga og reglugerða sem ná til málaflokka umhverfis- og/eða skipulagsmála. Umhverfismálaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðana gæta þess að farið sé að stjórnarsýslulögum og reglum um vandaða stjórnarsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs, annars vegar, og laga, reglna og samþykktar Bolungarvíkurkaupstaðar, hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

3.gr.

Umhverfismálaráð Bolungarvíkurkaupstaðar er kosið af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Umhverfismálaráð er skipað fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara í samræmi við 46.gr B1 samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar. Bæjarstjórn kýs formann Umhverfismálaráðs.

4. gr.

Byggingafulltrúi er starfsmaður ráðsins. Hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Byggingafulltrúi og/eða staðgengill hans situr fundi og hefur þar málfrælsi og tillögurétt. Auk þess eiga slökkviliðsstjóri og heilbrigðisfulltrúi rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrælsi og tillögurétt, þegar mál, sem undir þeirra starfssvið heyra eru til umræðu.

5.gr

Byggingafulltrúi eða staðgengill hans hafa heimild til að afgreiða án staðfestingar Umhverfismálaráðs, eftirfarandi verkefni skipulagsnefnda í skipulagslögum, nr. 123/2010:

- Grenndarkynning tillagna að óverulegum breytingum á deiliskipulagi, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
- Grenndarkynning byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna í ódeiliskipulögðum hverfum, skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
- Auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við, skv. 2. mgr. 36. gr. og 3. másl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, nema skipulagsráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.
- Frávísun eða synjun erinda og gerð umsagna um erindi sem beint er til skipulagsráðs eða bæjarráðs og eru ekki í samræmi við skipulagsáætlanir.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðun í ofangreiddum málum skal beint til umhverfismálaráðs.

Byggingafulltrúi eða starfsmenn í hans umboði geta ávallt óskað eftir því að Umhverfismálaráð taki ákvörðun í máli. Byggingafulltrúi skal á um 3 mánaða fresti upplýsa ráðið um þau mál sem hann afgreiðir í umboði ráðsins.

6. gr.

Umhverfismálaráð hefur yfirumsjón með umhverfis- og skipulagsmálum Bolungarvíkurkaupstaðar. Umhverfismálaráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktri stefnu ráðsins og bæjarstjórnar í málefnum varðandi umhverfis- og skipulagsmál.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár.

7. gr.

Umhverfismálaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði umhverfis- og skipulagsmála Bolungarvíkurkaupstaðar. Ráðið vinnur að því að deildir og stofnanir á þess vegum vinni að settum markmiðum, starfsmenn veiti góða þjónustu og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

8. gr.

Hlutverk ráðsins er:

- Að stuðla að almenntri fegrun bæjarins og góðri umgengni, í samstarfi við íbúa, félagasamtök og fyrirtæki í bænum.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í byggingareftirlitsmálum, skipulags- og umhverfismálum, gatna- og holræsagerð, umferðarmálum, ferlimálum fatlaðra, hreinlætismálum, um heilbrigðisvernd og hollustuhætti, náttúruvernd, umhverfismál, sorphirðu og sorpeyðingu, vegna vinnuskóla og vegna skipulagningar almenningsgarða og útivistarsvæða sveitarfélagsins.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um rekstur fasteigna í eigu sveitarfélagsins;
- Að afgreiða framkvæmdaleyfi, sbr. 13.-15. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, og leyfi til skiptingar jarða, landa, lóða og breytinga á landamerkjum skv. 48. gr. sömu laga.

- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi brunavarnir,
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi rekstur veitna,
- Afgreiða erindi til bæjarstjórnar er varða húsafríðun samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar, nr. 80/2012, að fenginni umsögn Húsafríðunarnefndar. Verði breyting á mannvirki, útliti þess og formi skal leita samþykkis skipulagsráðs áður en byggingarleyfi er veitt nema breytingin sé óveruleg.
- Að hafa frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gera tillögur til bæjarstjórnar um svæðis-, aðal-, hverfis- og deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim, skv. VI, VII og VIII kafla skipulagslaga, nr. 123/2010.
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um götuheiti og númer húsa.
- Hafa frumkvæði að og yfirumsjón með upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal ráðið leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til.
- Hafa eftirlit með því að unnið sé að markmiðum laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og koma með tillögur um úrbætur í þeim efnum. Stuðla að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu eftir því sem hagkvæmt þykir m.a. með fræðslu og kynningu til íbúa bæjarins.
- Að stuðla að auknum möguleikum almennings til útivistar og að gætt sé ákvæða 14. gr. laga um náttúruvernd um frjálsa umferð fótgangandi manna.
- Móta stefnu í umferðaröryggismálum og fjalla um og ákveða aðgerðir til að auka umferðaröryggi. Fylgjast með skráningu og tíðni slysa og óhappa í umferðinni og gera tillögur að forgangsriðun framkvæmda á sviði samgöngumála. Að fylgjast með ástandi og merkingu vega, gatna og stíga í bæjarfélaginu og gera tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur.
- Að stuðla að náttúruvernd og hafa forgöngu um að auka almennan skilning á gildi náttúruverndar og óspillts umhverfis. Hafa gát á að eigi sé gróðri, vatni né öðrum auðlindum bæjarins spillt. Að fjalla um fólkvanga og önnur vernduð svæði innan bæjarmarkanna.
- Að eiga frumkvæði að bæjarvernd eða friðlýsingu náttúruminja og stofnun útivistarsvæða, fylgjast með framkvæmd bæjarverndar og friðlýsinga og gefa bæjaryfirvöldum eða Umhverfisstofnun umsögn um þau efni, eftir því sem við á hverju sinni.
- Mótun og eftirfylgni umhverfisstefnu fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Stefnan skal byggð á alþjóðlegum samþykktum um umhverfismál og íslenskum lögum og áætlunum um umhverfismál og árangur mældur með grænu bókhaldi.
- Stuðla að aukinni umhverfisvitund og umhverfisvænum lífsháttum meðal íbúa, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum með upplýsingargjöf og fræðslu.
- Að vera ráðgjafandi varðandi skipulag útivistar- og verndaðra svæða, umhirðu þeirra og framkvæmdum á svæðunum með það að leiðarljósi að spilla ekki náttúru og umhverfi. Til útivistar- og opinna svæða teljast landsvæði með ósnortna náttúru, garðsvæði, skrudgarðar, opin leiksvæði, umhverfi stofnana bæjarins, opin svæði meðfram umferðaræðum og stígakerfi bæjarins.
- Nefndin skal m.a. fylgjast með landnytjum, gróðurvernd, akstri utan vega og umgengni.

9.gr.

Fulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema um lögmæt forföll sé að ræða, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti fulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Fundir skulu haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði eða oftar ef þurfa þykir. Formaður ráðsins hefur vald til að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum. Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir fulltrúar eða/og varamenn í forföllum aðalmanna svo aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en það skal tilkynna í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra fulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

10. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í Umhverfismálaráði fer eftir sem við á samkvæmt III. kafla samþykktar um stjórn Bolungarvíkur.

Formaður ráðsins stýrir fundum þess. Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðið á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Umhverfismálaráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða til byggingafulltrúa.

Umhverfismálaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annara nefnda, ráða eða annara aðila.

Fulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Umhverfismálaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum. Formaður eða aðrir fulltrúar Umhverfismálaráðs skulu snúa sér til tæknideildar eða bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktá ráðsins.

11. gr.

Ráðið skal halda fundargerðabók og ritari skal færa fundargerð í fundargerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkur.

Fundargerðir umhverfismálaráðs þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar Bolungarvíkur til að teljast gildar. Fundargerðir ráðsins skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðir lagðar fram til kynningar.

12.gr.

Umhverfismálaráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi fulltrúa og starfsmanna umhverfismálaráðs er vísað til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. samþykktar um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar.

13.gr.

Umhverfismálaráð hlutast ekki um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Umhverfismálaráð hefur umsjón með framkvæmdastjórn þeirra stofnana sem undir ráðið heyra.

Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana. Ráðið skal fjalla um umsóknir og gefur rökstudda umsögn til bæjarstjórnar vegna ráðningar forstöðumanna. Ákvörðun ráðningar annara starfsmanna er á ábyrgð og í valdi viðkomandi forstöðumanns.

14.gr

Undir umhverfismálaráð tilheyrir fjallskilanefnd. Fundargerðir fjallskilanefndar skulu lagðar fyrir umhverfismálaráð áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu í bæjarstjórn. Umhverfismálaráð leitar til Fjallskilanefndar í öllum málum er varða afréttarmálefni, fjallskil, dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

15. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Bolungarvíkur og tekur gildi þann

10. desember 2024.